

**Nd.**

**288. Nefndarállt**

um frv. til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumv. þetta fer fram á fjárveitingu til endurbóta og viðgerðar á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum. Nefndin hefir kynt sjer þetta mál og sjeð teikningar af höfninni, hafnargörðunum og skemdum þeim, sem bæta þarf. Á fundi hjá nefndinni mættu, eftir beiðni hennar, forsætis- og atvinnumálaráðherra, vitamálastjóri, bæja:stjóri Vestmannaeyja og aðstoðarverkfræðingur vitamálastjóra.

Nefndin er þess fullviss, að viðgerðir á hafnargörðunum, einkanlega á svonefndum Hringkersgarði, megi ekki dragast úr hömlu, með því annars er hætt við meiri og hættulegri bilun en nú er sjáanleg. Forsætisráðherra lýsti yfir því við nefndina, að viðgerðin væri brýn nauðsyn.

Meiri hluta nefndarinnar þykir þó rjettara að orða frumvarpsgreinina þannig, að hún sje heimild fyrir stjórnina til að verja fje í þessu skyni heldur en halda orðalagi frumvarpsins. Þótt við meðundirritaðir Ólafur Thors og Jóhann P. Jósefsson teljum óþarft að breyta orðalagi frv. og víkja þannig frá þeirri reglu, sem verið hefir með orðalag á frv., sem samþykkt hafa verið um fjárveitingar í þessu skyni, höfum við — með tilliti til þeirra yfirlýsinga, sem stjórnin hefir gefið framkvæmdum þessum viðvíkjandi — ekki viljað gera ágreining um orðalag frv., þareð öllum ber saman um, eins og áður segir, að framkvæmd viðgerðarinnar sje óhjákvæmileg og verði ekki án skaða slegið á frest.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGU.

Við 1. gr. Fyrri málsgrein greinarinnar orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar fje er fyrir hendi, alt að 70 þús. krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til viðgerðar og endurbóta á hafnargörðunum í Vestmannaeyjum.

Alþingi, 24. febrúar 1928.

Sveinn Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson. Sigurjón Á. Ólafsson.  
form.

Ólafur Thors. Jóhann P. Jósefsson,  
fundaskr. og frsm.